



# Evrópski gagna- grunnurinn fyrir orkumerktar vörur (EPREL)

## EPREL-leiðbeiningar frá Nordsyn

### Svona á að byrja

Frá 1. janúar 2019 verða allir birgjar (framleiðendur, innflytjendur og viðurkenndir fulltrúar þeirra) fyrir vörur sem falla undir orkumerkingakröfur að skrá vörur sínar í EPREL-gagnagrunninn vilji þeir setja þær á markað innan ESB.

Skráning á vörum sem voru settar á markað innan ESB\* á bilinu 1. ágúst 2017 til 1. janúar 2019 verður að fara fram fyrir 1. júlí 2019. Valkvætt er að skrá vörutegundir sem voru settar á markað innan ESB fyrir 1. ágúst 2017. Til að nota EPREL þarf að vera með ESB-innskráningu sem hægt er að búa til [hér](#).

Að fenginni ESB-innskráningu er unnt að fá aðgang að EPREL í gegnum þennan [tengil](#).

[Leiðbeiningar fyrir EPREL](#) útskýra hvernig á að skrá sig sem nýjan birgja og hvernig á að skrá og senda vöruupplýsingar í EPREL. Þetta eru einfaldaðar leiðbeiningar frá Nordsyn.

Til að skrá ný félög er nauðsynlegt að gefa upp eftirfarandi upplýsingar:

### Almennar upplýsingar

1. Tegund félags (organization): „Framleiðandi“, „innflytjandi“ eða „viðurkenndur fulltrúi“.
2. Tegund aðila: „Lögaðili“ (allir lögaðilar, svo sem fyrirtæki) eða „aðili“ (einstaklingur með eigin lagalegar skyldur).
3. Nafn félags.
4. VSK, landsnúmer og virðisaukaskattsnúmer, til dæmis IS-123456.
5. Heimilisfang, póstnúmer, borg/bær og land.

### Merki/vörumerki

1. Tilvísun, innra númer með bókstöfum og/eða tölustöfum.
2. Merki/vörumerki, það er heiti merkisins/vörumerkisins sem á að koma fram á orkumerkimiðanum.

### Tengiliðir

Unnt er að búa til lista yfir opinbera tengiliði til að koma í veg fyrir að skrá þurfi tengiliðaupplýsingar aftur þegar ný vara er skráð í EPREL.

Í upplýsingum um tengiliði þarf eftirfarandi að koma fram:

1. Tilvísun, það er númer með bókstöfum og/eða tölustöfum, notað þegar vörur eru skráðar milli kerfa eða í XML-ham sem vísar til tengiliðar á listanum yfir tengiliði.
2. Heiti þjónustu, til dæmis þjónustuborð, gæðastjóri og svo framvegis.
3. Símanúmer og netfang.
4. Heimilisfang, póstnúmer, borg/bær og land.

### Notendur

Sá sem fyrst skráir sig fyrir hönd félags sem notanda í EPREL mun fá stöðu stjórnanda. Stjórnandinn getur skráð aðra stjórnendur eða notendur og takmarkað aðgengi fyrir hvern notanda í EPREL. Aðeins er hægt að fá aðgang að öllum notandareikningum með leyfi stjórnandans.

Þegar félag og notendur þess hafa verið skráð er unnt að skrá vörur í EPREL.

\*Við útgáfu þessara leiðbeininga hafði reglugerð ESB nr. 2017/1369 um orkumerkingar ekki verið innleidd í landslög landa á EES. Þegar reglugerðin verður innleidd eiga ákvæði hennar við um allt EES. Vinsamlega hafið samband við Mannvirkjastofnun til að fá upplýsingar um hvaða reglur eiga við þar til reglugerðin hefur verið innleidd.



# Evrópski gagnagrunnurinn fyrir orkumerktar vörur

## Svona á að skrá vörur

Til eru nokkrar leiðir til að skrá vörur í EPREL:

- handvirk skráning
- skráning með þjappaðri (ZIP) skrá
- skráning milli kerfa

EPREL gagnagrunnurinn er ennþá eingöngu á ensku, en boðið verður upp á hann á öllum viðurkenndum ESB-tungumálum síðar. Allar upplýsingar sem þarf til að skrá vörur í EPREL eru þær sömu og hafa þarf undir höndum þegar vörur eru settar á ESB-markaðinn, svo sem prófunarskýrsla, samræmisýfirlýsing og svo framvegis.

## Handvirk skráning

Smellt er á vöruflokkinn sem skrá á upplýsingar í handvirk og síðan á „create“ hnappinn. Þá er skrefunum fimm fylgt. Eingöngu viðkomandi félag getur nálgast skráðar upplýsingar á seinni hluta ársins 2019. Á seinni hluta ársins 2019 geta neytendur nálgast sumar upplýsingar og markaðseftirlitsstjórnvöld hafa aðgang að öllum skráðum upplýsingum.

### 1 Vöruskráning

Skráið eftirfarandi grunnupplýsingar um vöruna/tegund:

1. Tegundarauðkenni, yfirleitt númer með bókstöfum og/eða tölustöfum, til dæmis AB12345.
2. Merki/vörumerki. Hægt er að bæta við nýjum merkjum/vörumerkjum á „manage organization“ eða slá inn ákveðið merki/vörumerki fyrir uppgefna vörutegund. Merkið/vörumerkið er sýnt á orkumerkimiðanum.

### 2 Almennar upplýsingar

Skráið almennar upplýsingar um vöruna. Hafið í huga að þessar upplýsingar geta verið mismunandi eftir því hvaða vörutegund er um að ræða. Almennar upplýsingar eru eftirfarandi:

1. Dagsetning markaðssetningar, það er dagsetningin sem varan verður/var sett á ESB-markað\*. Upplýsingarnar í EPREL eru aðeins sýnilegar viðkomandi félagi fyrir dagsetningu markaðssetningar.
2. Lokadagsetning markaðssetningar. Athugið að eftir þessa dagsetningu verður félagið að geyma samræmisgögn í 15 ár.
3. Árleg orkunotkun (kWh/ári).
4. Orkunýtniflokkur.
5. Velja þarf hvort leyfa eigi EPREL að búa til orkumerkimiðann fyrir hverja vöru. Það er á ábyrgð félags að staðfesta að upplýsingarnar á merkimiðanum séu réttar.

### 3 Orkumerkimiði

Velja má um að leyfa EPREL að búa til orkumerkimiðann með því að virkja „generate label“ eða skrá orkumerkimiðann handvirk.

Unnt er að sækja vöruupplýsingablað frá EPREL.

### 4 Tæknileg gögn

Skrá á eftirfarandi upplýsingar úr tæknilegu gögnunum fyrir viðkomandi vörutegund:

- a. Almenn lýsing á vörunni svo hún sé auðþekktanleg.
- b. Tilvísun í viðeigandi samhæfða staðla eða aðra mælistaðla sem notaðir eru, til dæmis EN 55032:15, EN 62479:10 og svo framvegis. Þessar upplýsingar má yfirleitt finna í samræmisýfirlýsingunni.
- c. Sérstakar ráðstafanir í tengslum við samsetningu, uppsetningu, viðhald eða prófanir. Þessar upplýsingar má yfirleitt finna í notandahandbókinni.
- d. Mældar tæknilegar kennistærðir á vörutegundinni. Þessar upplýsingar má yfirleitt finna í prófunarskýrslunni.
- e. Útreikningar byggðir á mældu kennistærðunum. Þessar upplýsingar má yfirleitt finna í prófunarskýrslunni.
- f. Prófunarskýrði, hafi þeim ekki verið lýst á fullnægjandi hátt í hluta b. Þessar upplýsingar má yfirleitt finna í reglugerðinni eða í prófunarskýrslunni.

Valkvætt er að skrá aðra hluta af tæknilegum gögnum í EPREL.

### 5 Sambærilegar vörutegundir

Skráðu tegundarnúmer allra sambærilegra vörutegunda.

\*Við útgáfu þessara leiðbeininga hafði reglugerð ESB nr. 2017/1369 um orkumerkingar ekki verið innleidd í landslög landa á EES. Þegar reglugerðin verður innleidd eiga ákvæði hennar við um allt EES. Vinsamlega hafið samband við Mannvirkjastofnun til að fá upplýsingar um hvaða reglur eiga við þar til reglugerðin hefur verið innleidd.



# Evrópski gagnagrunnurinn fyrir orkumerktar vörur

## Skráning með Zip skrá

Hægt er að senda inn þjappaða ZIP-skrá sem inniheldur XML með öllum vörutegundunum sem á að skrá í EPREL ásamt öllum viðeigandi viðhengjum (orkumerkimiðum, tæknilegum gögnum og svo framvegis). Engar takmarkanir eru á heiti ZIP-skrárinnar, en XML skráin verður að heita „registration-data.xml“.

Hægt er að finna snið og dæmi um XML-skrár [hér](#).

## Skráning á milli kerfa

Skráning á milli kerfa gerir birgjanum kleift að senda upplýsingar frá eigin kerfi með því að nota aðgangssvæði sitt til aðgangssvæðis EPREL þar sem unnið verður úr upplýsingunum.

Til að fá nánari upplýsingar um hvernig má fá aðgang til að framkvæma skráningu milli kerfa (eDelivery) skal smella á þennan [tengil](#).

Tilgangur skráningar á milli kerfa (eDelivery) er að búa til örugga rás fyrir rafrænar sendingar á gögnum og skjölum í gegnum netið eða einkanetkerfi.

Boðið hefur verið upp á skráningu á milli kerfa frá febrúar 2019.

## EPREL-upplýsingar sem eru aðgengilegar almenningi

Almenni hluti EPREL er í vinnslu og verður hann opinn seinni hluta ársins 2019

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í almenna hluta EPREL:

- Nafn eða vörumerki, heimilisfang, upplýsingar um tengilið og aðrar lagalegar auðkennisupplýsingar um birgjann.
- Auðkenni vörutegundar.
- Orkumerkimiðinn á rafrænu sniði.
- Orkunýtniflokkur/flokkar og aðrir þættir merkimiðans.
- Vöruupplýsingablaðið á rafrænu sniði.

Allar ofangreindar upplýsingar ættu einnig að vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

## Upplýsingar frá EPREL sem eru aðgengilegar markaðseftirlitsstjórnvöldum

Markaðseftirlitsstjórnvöld geta fengið upplýsingar frá almenna og samræmishluta EPREL. Þegar markaðseftirlitsstjórnvöld krefjast annarra gagna en þeirra sem koma fram í tæknilegu gögnunum skal birgi veita þau.

Samræmishluti EPREL verður aðgengilegur frá maí 2019.

## Vandamál með EPREL

Ef þú vilt spyrja tæknilegra spurninga um EPREL skaltu hafa samband við þjónustuborð EPREL:

[ENER-EPREL-HELPDESK@ec.europa.eu](mailto:ENER-EPREL-HELPDESK@ec.europa.eu)

Einnig geturðu haft samband við Mannvirkjastofnun.



Nordic Council  
of Ministers

